

Atvinnustefna og aðgerðir gegn atvinnuleysi

Baráttan fyrir atvinnu er hornsteinn jafnaðarstefnunnar og forgangsmál við núverandi aðstæður. Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf er alls staðar undirstaða velferðar og því lítur Samfylkingin á það sem eitt mikilvægasta hlutverk borgarinnar að efla og styrkja atvinnulífið í borginni. Upp á það hefur mikið skort síðustu ár.

Lykiláherslur Samfylkingarinnar í atvinnumálum og aðgerðum gegn atvinnuleysi eru:

1. Nýsköpun, framtíðarsýn og samstarf
2. Vaxtarsamningur Reykjavíkur og nágrennis
3. Viðhald og verklegar framkvæmdir
4. Grænn vöxtur
5. Evrópska leiðin í fjármögnun á endurnýjun hverfa og fjárfestingu í innviðum

1. Nýsköpun, framtíðarsýn og samstarf í atvinnumálum

Fyrsta verk Samfylkingarinnar við stjórn borgarinnar verður að efna til funda með samtökum í atvinnulífi og fulltrúum fyrirtækja og stofnana til að skilgreina stöðu, styrkleika og sóknarfæri atvinnulífs Reykjavíkurborgar til skamms og langs tíma. Samfylkingin flutti tillögu sama efnis þremur vikum eftir hrun en hún hefur verið í frestun að hálfu meirihlutans allar götur síðan. Meðal áherslusviða verkefnisins og sóknarfæra sem horft verður til verði:

- i) Ferðamannaborgin Reykjavík
- ii) Hafnarborgin Reykjavík
- iii) Heilsuborgin Reykjavík
- iv) Hönnunarborgin Reykjavík
- v) Kvikmyndaborgin Reykjavík
- vi) Menningarborgin Reykjavík
- vii) Orkuborgin Reykjavík
- viii) Skólaborgin Reykjavík
- ix) Tónlistarborgin Reykjavík
- x) Verslunarborgin Reykjavík
- xi) Þekkingarborgin Reykjavík (nýsköpun, rannsóknir og þróun)
- xii) Þjónustuborgin Reykjavík

Samfylkingin vill:

- Endurreisa, þróunar- og nýsköpunarfélag Reykjavíkurborgar í atvinnumálum. Það verði vettvangur samstarfs opinberra og einkaaðila um að laða fjárfestingu til borgarinnar, nýta sóknarfæri í atvinnumálum og leita leiða við að leiðbeina og auðvelda einstaklingum að stofna og reka fyrirtæki í Reykjavík. Meðal nýrra áherslusviða verði verkefni á sviði þekkingariðnaðar, kvikmyndagerðar og annarra skapandi greina.
- Höfuðborgarstofa, viðburða- og markaðsskrifstofa Reykjavíkurborgar í ferðaþjónustu verði opnuð fyrir aðkomu, fjármagni og nánara samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki í Reykjavík. Sérstaklega verði kannaður grundvöllur til að fjölga viðburðum sem styðja við markaðssetningu Reykjavíkur gagnvart ferðamönnum utan háannatíma.

- Átak verði gert til að kynna ráðstefnuborgina Reykjavík, ekki síst í tilefni af opnun Tónlistar- og ráðstefnhússins, Hörpunnar. Menning sem aflvaki atvinnulífsins fái verðugan sess í atvinnustefnu Reykjavíkur.
- Kanna möguleika á eflingu alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar og aðkomu Reykjavíkurborgar að samstarfi um rekstur kvikmyndahúss í miðborginni sem myndi helga sig sögu og sýningum á íslenskum kvikmyndum. Kanna fýsileika og sóknarfæri fyrir úthlutun lóðar fyrir alhliða kvikmyndaver í borgarlandinu.
- Reykjavíkurborg skipi sér aftur í forystu í rafrænni stjórnsýslu og þjónustu.
- Stutt verði við uppbyggingu þekkingar- og heilbrigðistengdra fyrirtækja með samstarfi um beina markaðssetningu á háskólasvæðum í Vatnsmýri í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Landspítalann. Reykjavíkurborg greiði fyrir skipulagi stúdentaíbúða og annarra innviða sem stuðla að sömu markmiðum.
- Styðja við nýsköpunarsetur, sprota-hótel og/eða listasmiðjur. Í því skyni verði kortlagt hvaða tækifæri geti falist í auðu og óseldu húsnæði víðs vegar um borgina, umfang þess og staðsetningu. Þá verði útfærðar leiðir til að tryggja notkun á auðu húsnæði og laða að smærri fyrirtæki inn í hverfi borgarinnar.
- Einfalda leyfisveitingar og umsóknarferli fyrir þá sem vilja stofna til reksturs í Reykjavíkurborg. Þeim standi jafnframt til boða leiðsögn og aðstoð við öflun nauðsynlegra leyfa til reksturs sér að kostnaðarlausu.

2. Vaxtarsamningur Reykjavíkur og nágrennis - markviss efling alls atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu

Til að standa undir velferð og lífskjörum þarf að tryggja 3,5% meðalhagvöxt í Reykjavík næsta kjörtímabil. Vegna stöðu efnahagsmála þýðir þetta jafnframt að stefna þarf að um 5% hagvexti 2014. Til þess þarf margþættar aðgerðir sem ekki eru allar á færi Reykjavíkur heldur þarf að ná víðtækari samstöðu og samstarfi. Þessi tölulegu markmið eiga að vera markmið vaxtarsamnings Reykjavíkur, ríkisstjórnar, verkafélaga, fyrirtækja, stuðningsstofnana atvinnulífsins og annarra samtaka í atvinnulífi.

Höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnusvæði og á í samkeppni við erlendar borgir um fólk og verðmæt fyrirtæki. Það er kominn tími til að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu snúi bökum saman og styrki það sem valkost þegar kemur að búsetu og fyrirtækjarekstri.

Samfylkingin vill:

- Að Reykjavíkurborg bjóði nágrannasveitarfélögum, ríkisstjórn, menntastofnunum og aðilum vinnumarkaðar til samstarfs um vaxtarsamning atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu.
- Meginmarkmið samningsins yrðu að styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja í virkri alþjóðlegri samkeppni, auka veltu, verðmætasköpun, útflutningstekjur og skapa þannig grunn fyrir umtalsverða fjölgun starfa á næstu misserum.
- Að áherslur vaxtarsamningsins um nýsköpun nái til atvinnulífsins alls, jafnt fyrirtækja í hefðbundnum iðnaði og þjónustu sem byggja á gömlum grunni sem nýrra hátekní- og sprotafyrirtækja.
- Leggja sérstaka rækt við þær greinar atvinnulífs í borginni sem skilað geta vexti á ábyrgan hátt á næstu misserum, s.s. ferðaþjónustu, upplýsingatækni, kvikmyndagerð, hönnun og aðrar skapandi greinar.
- Stofnuð verði fjárfestingar- og atvinnuálastofa Reykjavíkurborgar sem fjárfestar og atvinnurekendur geta leitað til þegar þeir vilja byggja upp rekstur.

- Að þróunar- og nýsköpunarfélag Reykjavíkurborgar í atvinnumálum kynni borgina með virkum hætti fyrir innlendum og erlendum fyrirtækjum í vexti. Leitað verði bestu erlendu fyrirmynda við útfærslu vaxtarsamningsins.

Vaxtarsamningur er formlegt samstarf sveitastjórna, ríkisvalds, aðila í atvinnulífinu og stuðningsstofnana um markvissar aðgerðir til að flýta fyrir vexti og framþróun hjá fyrirtækjum. Þessi leið hefur um árabil gefist vel í nágrannalöndum okkar, t.d. í Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku og Bretlandi og er ein af lykilaðgerðum Evrópusambandsins við svæðisbundna eflingu byggða og atvinnulífs.

Þrátt fyrir kreppu fjölgaði störfum og velta jókst í þeim fyrirtækjum sem tóku þátt í vaxtarsamningi svæðisins á meðan velta dróst saman og störfum fækkaði um 8% í þeim fyrirtækjum sem ekki tóku þátt í samstarfinu.

*Vaxtarsamningur
Mið-Jótlands 2007-2009.*

Náinni samvinnu fyrirtækja, þekkingarstofnana og fjárfestingaraðila er komið á, fyrirtæki í sama geira mynda klasa, skiptast á upplýsingum og vinna saman að sameiginlegum markmiðum s.s. markaðssetningu og að hækka þekkingar- og tæknistig. Dæmi um beinar aðgerðir er stuðningur við fyrirtæki sem vilja ráða rekstrarráðgjafa til að yfirfara ferla innan fyrirtæksins og auka skilvirkni og framlegð.

3. Viðhald og verklegar framkvæmdir

Samfylkingin í Reykjavík vill þegar í stað bregðast við atvinnuleysi með forgangsöröðun verkefna eftir því hve mörg störf þau skapa hjá hópum þar sem atvinnuleysi er mest. Samfylkingin í Reykjavík vill bjóða öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu samstarf um aðgerðir gegn atvinnuleysi enda um eitt atvinnusvæði að ræða.

Samfylkingin vill:

- Taka lán til að halda uppi framkvæmdastigi í kreppunni í stað þess að skera framkvæmdir niður um 70% eins og nú er ráðgert. Borgarsjóður ræður við þessar lántökur, hægt er að fá hagstæð tilboð og forða þannig algeru hruni í framkvæmda- og byggingariðnaði.
- Tvöfalda viðhald á fasteignum borgarinnar árin 2011-2012 með því að flýta brýnum viðhaldsverkefnum sem annars hefðu komið til framkvæmda 2013-2015. Þannig skapast störf þegar mest þarf á þeim að halda.
- Tryggja að borgin kaupi ávallt vinnu af viðurkenndum fagaðilum og girt sé fyrir undirboð kennitölulflakkara.
- Setja fram heildstæða áætlun fyrir endurnýjun eldri hverfa að evrópskri fyrirmynd. Í stað þess að hverfin drabbist niður í kreppunni verði efnt til tímabærs viðhalds og endurnýjunar á húsum og opinberum byggingum, auk endurnýjunnar borgarumhverfis og útisvæða. Byrjað verði í Breiðholti.
- Auka fjármagn til hreinsunar borgarlandsins, stígagerðar og uppbyggingar grænna svæða eftir því sem kostur er til að skapa fleiri sumarstörf fyrir námsmenn og ungt fólk.

Til að draga úr atvinnuleysi í byggingariðnaði hefur ríkisstjórnin ákveðið að endurgreiða að fullu allan virðisaukaskatt af vinnu við viðhald fasteigna. Brýnt er að borgin leggi sín lóð á vogarskálarnar til að draga úr atvinnuleysi go kostnaði við viðhald fasteigna sinna.

- Auðvelda breytingar á íbúðarhúsnæði sem bæta aðgengi fatlaðra og aldraðra og gera þeim kleift að búa lengur heima, með breytingum á íbúðum og gerð lyftuhúsa í fjölbýlishúsum. Þannig verði aukin eftirspurn eftir hönnuðum, arkitektum og iðnaðarmönnum.
- Að eigendur niðurníðra húsa í borginni verði skikkaðir til að koma þeim í viðunandi horf en dagsektum beitt ef frestir eru ekki virtir. Borgin láti standsetja húsin á kostnað eigenda ef ekki er brugðist við aðgerðum borgarinnar.
- Auka samstarf við Vinnuálastofnun um starfsþjálfunarsamninga, sérstök tímabundin átaksverkefni og „Starfsorku“ sem býður fullar atvinnuleysisbætur með hverjum starfsmanni á atvinnuleysissskrá í allt að eitt ár þegar ráðist er í nýsköpunarverkefni eða markaðssetningu erlendis.

4. Grænn vöxtur í Reykjavík

Stöðugur vöxtur atvinnulífs í borginni til lengri tíma er best tryggður með atvinnustefnu sem byggir á styrkleikum borgarinnar í sátt við umhverfið og umhyggju fyrir rétti komandi kynslóða. Samfylkingin vill:

- Móta orku- og auðlindastefnu þar sem áhersla er lögð á jafnrétti kynslóða, háværkun langtímaávinningis og grænt orðspor borgarinnar.
- Könnuð verði tækifæri til uppsetningar iðnaðar- og orkugarða t.d. á nýju atvinnusvæði á Hólmsheiði þar sem í boði verði orka á hagstæðu verði til starfsemi í græna hagkerfinu og þar sem sérstök áhersla verður lögð á að gera sem best í umhverfismálum framleiðslu- og iðnfyrirtækja.
- Að innan áratugar verði annar hver bíll í Reykjavík knúinn innlendri, vistvænni orku. Borgin beiti sér fyrir markvissu átaki í samvinnu og samráði við löggjafa- og framkvæmdavald, nágrennasveitarfélög, fyrirtæki, frjáls félagasamtök og aðra þá aðila sem hjálpað geta til við að ná þessu markmiði.
- Að borgin setji gott fordæmi með því að setja stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar metnaðarfulla umhverfisstefnu með mælanlegum markmiðum. Jafnframt hvetji borgin einkafyrirtæki til þess sama, m.a. með viðurkenningum og hagrænum hvötum.
- Styrkja nafn Reykjavíkur sem miðstöð í rannsóknum á jarðhita, endurnýtanlegum orkugjöfum og sjávarútvegi. Atvinna Reykvinga til framtíðar hvílir á skynsamlegri og hugvitssamlegri nýtingu auðlinda. Það ætti ekki að fara fram hjá neinum sem býr í eða heimsækir Reykjavík hve mikilvægar þessar auðlindir eru.

Grænn vöxtur felur m.a. í sér að horft verði til samfélagslegra áhrifa af nýtingu orkuauðlinda borgarinnar en ekki einungis einblínt á virkjunarþáttinn. Stefna þarf að aukinni fjölbreytni í orkusölu, að sem flest störf og mestur virðisauki skapist af virkjun orkunnar, að tæknistig- og þekkingu aukist og arðsemi til lengri tíma verði sem mest.

Reykjavík getur boðið upp á góð vaxtarskilyrði fyrir grænan iðnað með því að hlúa að mennta-, rannsóknar- og menningarstofnunum og sambýli þeirra við atvinnulífið. Með metnaðarfullum markmiðum, svo sem um orkuskipti í samgöngum, getur Reykjavíkurborg lagt grunn að alþjóðlegum þróunarverkefnum á sviði græns iðnaðar.

Ýmis tækifæri hafa orðið til í nýsköpunargreinum sem hjálpa okkur lifa í betri sátt við umhverfið. Áherslan á uppbyggingu atvinnuvega í sátt við umhverfið er alþjóðlegt fyrirbæri sem ekki einu sinni fjármálakreppan hefur bitið á. Þann geira köllum við græna hagkerfið. Þar er vaxtarbroddur sem vert er að sækja í.

5. Evrópska leiðin

- fjármögnun á endurnýjun eldri hverfa, endurlán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fjárfestingar í grænum samgöngum, innviðum og grænni orku

Samfylkingin vill að Reykjavíkurborg nýti þau tækifæri sem felast í stöðu Íslands sem umsóknarríkis að ESB. Samfylkingin hefur látið taka saman stutt yfirlit yfir samfélags- og uppbyggingarsjóði Evrópusambandsins með sérstakri áherslu á borgarsvæði og fjármögnunarmöguleika þeirra. Möguleikar Reykjavíkurborgar eru miklir ef rétt er á málum haldið.

Samstarf við evrópskar fjármálastofnanir og samstarfsáætlanir gætu nýst Reykjavík og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu m.a. við:

- i) endurskipulagningu á skuldum sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra
- ii) fjármögnun á endurnýjun eldri hverfa og atvinnusvæða
- iii) fjárfestingar í grænni orku, orkuskiptum í samgöngum, hjóla- og göngustígakerfi og öðrum fjárfestingum í innviðum og umhverfismálum
- iv) uppbyggingu vísinda- og þekkingarklasa, t.d. á háskólasvæðum
- v) endurlánum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja

ÍTAREFNI

Uppbyggingarsjóðir ESB og aðrar fjármögnunarleiðir fyrir borgarsvæði (Urban areas)

Uppbyggingarsjóðir ESB eru tveir (fyrir vestur Evrópu). Áhersla lögð á styrkja samkeppni og byggja upp atvinnulíf (ekki forgangsröðun á fjárfestingu í mannvirkjum):

1. Svæðaþróunarsjóðurinn (ERDF = European Regional Development Fund)
2. Félagsmálasjóðurinn = (ESF = European Social Fund)

Leiðir til að fjármagna mannvirki, innviði og uppbyggingu smáfyrirtækja á borgarsvæðum – lykillánastofnanir:

1. Evrópski fjárfestingabankinn (EIB = European Investment Bank)
Veitir lán til fyrirtækja og verkefna á vegum hins opinbera sem falla að stefnu og áherslum ESB. Hefur verið lykilsamstarfsaðili Orkuveitu Reykjavíkur í jarðvarmavirkjunum. Aðildarviðræður gefa tækifæri til að dýpka samstarfið og láta það ná til endurskipulagningu skulda Orkuveitunnar og fjármögnun frekari framkvæmda fyrirtækisins.
2. Evrópski fjárfestingasjóðurinn (EIF = European Investment Fund)
Lánar og veitir áhættufjármagn til nýrra “smáfyrirtækja” (e.SMEs). Ekki bein fjármögnun til fyrirtækjanna heldur um að ræða aðkomu að þróunarsjóðum/verkefnum í aðildar-ríkjum sem byggja á stkýrri stefnu (sóknaráætlunum) borgarsvæða.

Ýmsar stofnanir og áætlanir ESB eru notaðar til tryggja markvissa nýtingu fjármuna Evrópskra lánastofnana á borgarsvæðum:

1. JASPERS. Veitir tæknilega aðstoð við undirbúning á stærri fjárfestingarverkefnum, Vinnur með EIB.
2. JESSICA. Veitir yfirvöldum ráðgjöf við uppbyggingu borgarsvæða og greiðir fyrir aðkomu lánastofnana. Tengir saman styrki úr uppbyggingarsjóðum og lán frá EIB.
3. JEREMIE. Greiðir fyrir því að settir eru upp fjárfestingarsjóðir á afmörkuðum svæðum fyrir lítil fyrirtæki með hlutfjárþátttöku og lánatryggingum. Vinnur með EIF.
4. JASMINE. Veitir aðstoð við að koma á fjármögnun smærri verkefna. Vinnur með EIF.

Ýmsar fagáætlanir ESB eru nýttar sem farvegir fyrir fé og til að mynda tengslanet og leita fyrirmýnda að velheppnuðum verkefnum:

1. Urbacht. Borgaáætlun – samstarfsnet borga innan ESB – ýmis fjölbreytt verkefni (sjá síðar)
2. Interregional. Byggðaáætlanir. Mörg fjölbreytt verkefni geta opnast (sjá síðar).
3. CIP. Samkeppnis- og nýsköpunaráætlunin. Veitir ríkulega styrki til fyrirtækja og stofnana.
4. Menningaráætlun. Styrkir m.a. menningarhátíðir og viðburði.
5. Rammaáætlun ESB. Einn angi áætlunarinnar styrkir sérstaklega svæði sem vilja leggja áherslu á rannsóknir og vísindaklasa.

Dæmi um aðgerðaráætlanir nokkurra aðildarríkja sem hlotið hafa fjármagn úr svæðaþróunarsjóðum (borgarsvæði).

Danmörk

- Almenn áhersla á nýta fjármuni til að þjálfa fólk til að takast á við nýja tegund af störfum. Styrkja stjórnendabjálfun, auka tengsl milli vísinda- og atvinnulífs o.m.fl. Landinu skipt í sóknarsvæði, þ.m.t höfuðborgarsvæði.

Finnland

- Áhersla á að byggja upp öflugt borgarsvæði á Stór-Helsinki svæðinu. Klasar sem hafa víðar alþjóðlegar tengingar, nýsköpun og þróun.

Írland

- Vistvæn borgaþróun, nýsköpun og þekkingariðnaður. Áhersla á flugvelli og hafnir sem tengja Írland við Evrópu og lykilsvæði innan landsins.

Bretland

- Sérstök aðgerðaráætlun fyrir London. Áhersla á nýsköpun og rannsóknir í atvinnulífinu, aðgang að fjármagni (fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki), og að byggja upp borgahluta fyrir atvinnulíf á sjálfbærum grunni.

Nokkur dæmi um verkefni sem EIB hefur lánað til á undanförunum árum (beinar lánveitingar, í gegnum sérstaka (borga)þróunarsjóði og t.d. lánasjóði sveitarfélaga). Lán frá EIB eru alltaf háð því að verkefnið falli að áherslum ESB og aðgerðaráætlun viðkomandi ríkis/héraðs (National Strategic Reference Framework og Operational Plans):

Danmörk

- Lán til einkafyrirtækis (Vestas Windpower Technology) til að hanna, þróa og hefja framleiðslu á vindmyllum
- Lán til Rinkjöping Landbobank til að endurlána smáfyrirtækjum.
- Lán til Alfa Laval til orkuverkefnis í tveimur bæjum í Danmörku og Svíþjóð
- Lán til einkafyrirtækis um þróun ensíma
- Lán til Aarhus borgar til að reisa sorpbrennslu og ganga frá fráveitu.

Finnland

- Lán til Nokia til að þróa Smartphone
- Lán til vöruþróunar í pappírsiðnaði
- Lán til einkafyrirtækis til að þróa nýtingu og flutning á gasi í Póllandi í samstarfi við Svía
- Lán til nokkurra banka til að endurlána smáfyrirtækjum.
- Lán til sveitarfélagsins Vantaa til að endurbæta ýmsar byggingar í eigu þess.
- Lán til meiriháttar hafnargerðar í Vousaari skammt frá Helsinki
- Lán til byggingar sjúkrahúss á Uusimaa skammt frá Helsinki (hluti af stóru heilsutengdu verkefni)
- Lán til að stækka og endurbæta alþjóðaflugvöllinn í Helsinki-Vaantaa

Írland

- Lán til Lánasjóðs sveitarfélaga sem mun endurlána til skilgreindra verkefna s.s. endurnýjun borgasvæða, umhverfisverkefna og uppbyggingu ferðaþjónustu
- Lán til endurnýjunar á alþjóðaflugvöllinum í Dublin (hluti af TEN vegakerfi ESB)
- Lán til Trinity College til að byggja nýju álmu sem á að hýsa nýtt rannsókn- og þjálfunarsetur í biomedical fields
- Lán til framkvæmda á M50 hraðbrautinni í kringum Dublin (bypass) (hluti af TEN vegakerfi ESB)

Ýmislegt

- Lán til héraðsstjórnar Katalóníu á Spáni til ýmissa borgasvæða-verkefna, samgöngubóta, umhverfis- og menntunarverkefna
- Lán til uppbyggingar þriggja háskólasjúkrahúsa á norðvestur Spáni
- Lán til uppbyggingar á gámahöfn í Barcelona og til að byggja upp öflugar vegtengingar við höfnina
- Lán til að stækka tvo flugvelli á Kanaríeyjum
- Lán til að fara í ýmis lítil og meðalstór verkefni í Barcelona (urban regeneration s.s. samgöngubætur, endurnýjun á veitukerfi o.fl.)
- Lán til að stækka höfnina í Las Palmas
- Lán til að endurbæta hraðbrautina á milli Glasgow og Sterling í Skotlandi sem er hluti af samgönguáætlun landsins til 2021.

Nokkur dæmi um JESSICA, JEREMIE ofl

- Í lok síðasta árs (2009) var stofnaður, fyrir tilstuðlan JESSICA, sk. borgaþróunarsjóður í Norð-vestur Englandi. Peningar í sjóðinn koma frá uppbyggingarsjóðum ESB og EIB og mun hinn síðarnefndi halda utan um sjóðinn. Í þennan sjóð geta sótt þær borgir á svæðinu sem vilja fara í vistvæn uppbyggingarverkefni. Sjóðurinn mun veita lán, eiginfjármagn og ábyrgðir. Meðal verkefna sem verða styrk/lánshæf eru uppbygging á nýjum atvinnusvæðum, endurgerð niðurníðra svæða o.fl. Markmiðið er að styrkja samkeppnishæfni svæðisins og skapa 15.000 störf á næstu fjórum árum.
- Þróunarskrifstofu London borgar er að undirbúa stofnun JESSICA borgaþróunarsjóðs.
- Svæðisráð á þremur svæðum í Bretlandi eru að undirbúa stofnun JEREMIE sjóðs.
- Stjórnvöld í Skotlandi eru að undirbúa stofnun JEREMIE sjóðs í landinu.

Nokkur dæmi um Urbact verkefni sem nú eru í gangi (borgaryfirvöld nota hluta af styrkjum úr uppbyggingarsjóðunum til að vinna að þessum verkefnum og tengjast öðrum borgum til að þróa þau. Þurfa að falla að áherslum ESB og aðgerðaráætlunum viðkomandi ríkis/héraðs):

- Samstarfsverkefni nokkurra borga þar sem unnið er að áætlunum um verndun og samkeppnishæfni gamalla miðborga (preservation of cultural heritage and strengthen their competitiveness and attractiveness).
- Þróun samstarfsnets um skapandi klasa (creative clusters) í borgum í Finnlandi, Bretlandi, Portúgal, Ítalíu og víðar.
- Samstarfsverkefni þriggja borga í Bretlandi, Svíþjóð og á Spáni (100 – 200 þús íbúar) þar sem borgaryfirvöld vinna með háskólum að því að styrkja samkeppnishæfni borganna. Þekking og nýsköpun (skv. Lissabon áætluninni).
- Samstarfsverkefni borga í Þýskalandi (Magdeburg), Austurríki (Vín), Bretlandi (Newcastle), Danmörk (Aarhus) og víðar sem miða að því að þróa og byggja upp vísinda- og þekkingarsvæði.
- Verkefni sem miðar að því að aðstoða borgir sem hafa byggt á einhæfri atvinnustarfsemi til meiri fjölbreytni.
- Samstarfsverkefni tíu borga sem miðar að því að þróa heilsu og heilsutengd verkefni ýmiskonar. Bætt heilsa íbúanna = betri samkeppnishæfni borganna.

Nokkur dæmi um Interreg verkefni:

- Þróun á notkun Open Source hugbúnaðar í opinberri stjórnsýslu
- Bætt umhverfi (environment) í úthverfum
- Gerð grænna áætlana fyrir borgasvæði
- Gerð aðgerðaáætlana fyrir niðurníð iðnaðarsvæði (Brownfields)
- Vistvæn uppbygging hafnasvæða